



# SJÁLFSMATSSKÝRSLA FLATASKÓLA

2019-2020

# EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
1. Innra mat í Flataskóla	2
1.1 Sjálfsmat í Flataskóla	3
1.2 Vísbendingar	3
1.3 Framtíðarsýn	3
1.4 Viðbrögð	3
1.5 Aðgerðir	3
1.6 Eftirfylgd	3
2. Um skólann	4
2.1 Skólastefna Flataskóla	4
3. Matsþættir 2019-2020	5
4. Helstu niðurstöður	6
4.1 Skólanámskrá	6
4.2 Skólapúlsinn	6
4.2.2. Nemendakönnun	6
4.2.3. Starfsmannakönnun	9
4. bekkur	12
Íslenska	13
Stærðfræði	15
7. bekkur	17
Íslenska	17
Stærðfræði	21
4.3 Starfsmannasamtöl	26
4.4 Lestrarskimanir	26
4.4.1 Orðarún	26
4.4.2 Lesferill	27
4.5 Framkvæmdamat	27

# EFNISYFIRLIT

4.6	Fjármál	29
4.7	Lokaorð	29

## Inngangur

Flataskóli er leik- og grunnskóli fyrir nemendur frá fjögurra ára aldri og upp í 7. bekk. Skólinn er staðsettur við Vífilsstaðaveg í Garðabæ. Skólastjóri er Ólöf S. Sigurðardóttir og aðstoðarskólastjóri er Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri er Fanney Ófeigsdóttir.

Skólaárið 2019-2020 voru nemendur skólans 484 þar af 245 drengir og 239 stúlkur. Starfsmenn voru 80. Þar af voru 48 kennarar og stjórnendur, sjö skólaliðar, sjö stuðningsfulltrúar, sjö starfsmenn á Tómsundaheimili, fimm starfsmenn við leikskóladeildina og auk þess voru sex aðrir starfsmenn sem eru þroskaþjálfar, matráður, húsvörður og hjúkrunarfræðingur.

Flataskóli var stofnaður 1958. Skólinn stendur í hjarta bæjarins. Í skólanum er góð aðstaða, hátíðarsalur, vandaðar sérgreinastofur og stór skólalóð. Skammt frá er íþróttahúsið Ásgarður en þar sækja nemendur skólans kennslu í íþróttum og sundi.

Innra mat Flataskóla fer annars vegar fram með því að lagðar eru fyrir með skipulögðum hætti kannanir fyrir þá sem hlut eiga að máli hverju sinni; nemendur, starfsmenn og foreldrar. Hins vegar er innra matið fólgið í mælingum á árangri skólastarfsins.


Þetta skólaár sátu í sjálfsmatsteymi skólans Ólöf S. Sigurðardóttir skólastjóri, Helga María Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Mjöll Flosadóttir skrifstofustjóri og Elínborg Anna Siggeirsdóttir kennsluráðgjafi.

Skólaárið 2019-2020 var nokkuð óhefðbundið. Ólöf skólastjóri var í leyfi fyrir áramót og leysti Helga María aðstoðarskólastjóri hana af. Vegna COVID veirunnar var skólalald á vorönn skert í nokkrar vikur og var mikil röskun á skólalaldi samfara því. Sjálfsmat raskaðist nokkuð vegna þess.

Sjálfsmatsskýrslan sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum kannana og athugana sem gerðar hafa verið í Flataskóla skólaárið 2019-2020.

## 1. Innra mat í Flataskóla

Við sjálfsmat í Flataskóla er stuðst við sjálfsmatshringinn hér að neðan. Með eftirfarandi köflum fylgja skýringar á hverjum lið sjálfsmatsins. Við matið er stuðst við Grunnskólalög (91/2008), Aðalnámskrá Grunnskóla (2011), Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (585/2010), Skólastefnu Garðabæjar og skólanámskrá Flataskóla.



# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## 1.1 SJÁLFSMAT Í FLATASKÓLA

Með markvissu sjálfsmati er skólum gert kleift að efla gæði skólastarfsins og tryggja frekari þróun til uppbyggingar. Þannig má taka faglegar ákvarðanir sem byggja á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar og greinir hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Allir aðilar skólasamfélagsins vinna að því loknu saman að þeim umbótum sem gera þarf. Sjálfsmatsaðferð skólans er bæði formleg og óformleg.

## 1.2 VÍSBENDINGAR

Árlega eru lagðar fyrir fjöldi kannana, skimana og prófa. Niðurstöðurnar greina fjölmargar hliðar skólastarfsins og gefa fjölda vísbendinga um stöðu nemenda í námi, viðhorf til skólans og líðan nemenda. Niðurstöður bæði úr prófum og könnunum eru greindar jafnt og þétt þegar þær berast og eru helstu niðurstöður þeirra kynntar í sjálfsmatsskýrslu. Á grunni þessara niðurstaðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Yfirlit yfir kannanir og skimanir sem notaðar eru við matið má sjá í kafla um matsþætti á blaðsíðu 6.

## 1.3 FRAMTÍÐARSÝN

Sett eru niður viðmið um árangur. Viðmiðin taka mið af stefnu skólans, aðstæðum á hverjum tíma og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmið er sú sýn sem stefnt er að og eru þau birt í sjálfsmatsskýrslu. Viðmiðin eru ákveðin á sameiginlegum fundum kennara.

## 1.4 VIÐBRÖGÐ

Þegar niðurstöður úr einstökum könnunum, prófum og skimunum liggja fyrir er brugðist við þeim eins fljótt og hægt er. Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum og nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð.

## 1.5 AÐGERÐIR

Umbótaáætlun er framkvæmd og umbótaþáttum skipt á milli ábyrgðaraðila sem sjá um framvindu mála.

## 1.6 EFTIRFYLGÐ

Við lok sjálfsmatshringsins er komið að reglubundinni, nákvæmri eftirfylgni. Hún er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli skyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem þarf að lagfæra. Einnig þarf að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist.

## 2. Um skólann

### 2.1 SKÓLASTEFNA FLATASKÓLA

Einkunnarorð Flataskóla eru **„Menntun – Árangur – Ánægja”**

Í Flataskóla byggist kennslufræðilegur grunnur á einstaklingsmiðuðu námi. Með því er gengið út frá því að einstaklingar eru mismunandi og hæfileikar þeirra liggi á mismunandi sviðum. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem nemendur geta fengið að njóta sín og nálgast viðfangsefni eftir fjölbreyttum leiðum. Mikil áhersla er lögð á skapandi starf og hreyfingu. Litið er á hvern árgang í skólanum sem eina heild og bera kennarar árgangsins sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja námið. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika á að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni. Nemendum er skipt í mismunandi hópa og lögð áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið með þessu er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda auka samkennd og efla færni í samvinnu.

Í Flataskóla er lögð mikil áhersla á nemendalýðræði. Nemendur sitja í skólaráði, nemendaráði, réttindaráði og í umhverfisráði skólans. Haldin eru skólaþing þar sem allir nemendur fá tækifæri til að leggja fram mál.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## 3. Matsþættir 2019-2020

Hvað er kannað?	Ábyrgð á mati	Tími	Þátttakendur	Staða
Nemendakönnun Skólapúlsins	Skólapúlsinn /deildarstjóri eldra stigs	Okt., des., feb. apr.	Úrtak nemenda í 5.-7. bekk	Lokið
Starfsmannakönnun Skólapúlsins	Skólapúlsinn /deildarstjórar stiga	Mars	Allir starfsmenn	Lokið
Niðurstöður samræmdra prófa	Deildarstjórar	September	Allir nemendur í 4. og 7. bekk	Lokið
Endurskoðun skólanámskrár	Skólastjórnendur	Allt skólaárið	Allir starfsmenn skólans	Í vinnslu
Endurskoðun á námsmati	Deildarstjórar	Allt skólaárið	Allir kennarar skólans	Í vinnslu
Mat á mætingu foreldra á samtalsdaga	Skólastjórnendur	Þrisvar á ári	Umsjónarkennarar	Lokið
Starfsmannasamtöl	Skólastjórnendur	Jan. - mars	Allir starfsmenn	Lokið
Lesferill – skimunarpróf Menntamálaráðuneytis	Deildarstjóri stoðþjónustu	September, janúar, maí	Allir nemendur í 1.-7. bekk	Lokið
Orðarún	Deildarstjóri stoðþjónustu	Lagt fyrir tvisvar á ári	Nemendur í 3.-7. bekk	Lokið



## 4. Helstu niðurstöður

### 4.1 SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundunum aðstæðum.

Skólanámskrá Flataskóla hefur verið í endurskoðun í vetur. Því verkefni er ekki lokið og áfram verður regluleg endurskoðun á henni..

Skólanámskráin er í tvennu lagi samkvæmt lögum. Í fyrri hlutanum má finna almennan hluta þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Í síðari hlutanum er að finna starfsáætlun. Í starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólahefjans, páskahefjans og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun Flataskóla er árlega lögð fyrir skólanefnd og skólaráð til staðfestingar. Í síðari hlutanum eru einnig námskrár árganga. Starfsáætlun og hlutar skólanámskrár eru birt á heimasíðu skólans.

Allir kennarar skólans endurskoða bæði vor og haust kennsluáætlanir undir stjórn deildarstjóra stiga. Foreldrum eru birtar áætlanirnar í Mentor að hausti við upphaf skólaársins. Stefnt er að því að birta þær á heimasíðu skólans. Sú vinna er í fullum gangi núna.

### 4.2 SKÓLAPÚLSINN

Flataskóli notar árlega matstækið Skólapúlsinn til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólalífinu. Annað hvort ár eru lagðar fyrir starfsmannakönnun og foreldrakönnun. Nemendakönnun er gerð árlega. Í vetur voru lagðar fyrir nemenda- og starfsmannakönnun.

Í niðurstöðum úr könnunum er athyglinni beint að þeim þáttum þar sem marktækur munur var á niðurstöðum Flataskóla við landið.

Viðmið Flataskóla er að vera yfir markmiði landsmeðaltals í öllum þáttum í öllum þremur könnunum. Ef niðurstöður úr einstökum þáttum koma ver út en landsmeðaltal eru þeir þættir skoðaðir sérstaklega.

#### 4.2.2. Nemendakönnun

Úrtak nemenda í 6. og 7. bekk svara könnuninni fjórum sinnum yfir skólaárið í október, desember, febrúar og apríl. 120 nemendur svöruðu nemendakönnunni í ár sem eru rúmlega 90% þeirra sem boðaðir voru til könnunarinnar.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfslit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

## Helstu niðurstöður

### Virgni nemenda í skólanum

Matsþáttur	Munur	Skólinn	Landið
Ánægja af lestri	(+0,6)*	5,4	4,8
Þrautseigja í námi	(+1,2)*	6,2	5,0
Áhugi á stærðfræði	(+0,8)*	5,9	5,1
Ánægja af náttúrufræði	(-0,1)	4,8	4,9
Trú á eigin vinnubrögð í námi	(+0,7)*	5,7	5,0
Trú á eigin námsgetu	(+0,9)*	5,8	4,9

Eins og sjá má á þessum niðurstöðum er ánægjulegt að sjá að áhugi, ánægja, þrautseigja og trú á eigin getu nokkuð meiri í öllum þáttum miðað við landið allt nema þegar spurt er um ánægju af náttúrufræði. Þar munar örlitlu en sá þáttur er þó á uppleið hjá okkur. Mat okkar er að þessar niðurstöður séu almennt mjög ánægjulegar.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## Líðan og heilsa

Matsþáttur	Munur	Skólinn	Landið
Sjálfsálit	(+0,8)*	5,8	5,0
Stjórn á eigin lífi	(+0,8)	5,7	4,9
Vellíðan	(+0,9)*	5,8	4,9
Einelti	(0,0)	5,2	5,2
Tíðni eineltis	(-0,3%)*	11,7%	12,0%
Tíðni hreyfingar. 2 í viku eða oftár	(+35,5)*	76,5%	41,0%
Hollt mataræði	(+0,5)*	5,3	4,8

Í þessum þætti eru nemendur í Flataskóla yfir landsmeðaltali í öllum þáttum nema tíðni eineltis en þar er tíðnin 0,3% lægri en landsmeðaltal. Sérstaka athygli vekur mikill munur á nemendum Flataskóla þegar skoðuð er tíðni hreyfingar og á hollu mataræði. Nemendur skólans eru þar marktækt vel yfir meðallagi. Í þeim þáttum sem snúa að sjálfsáliti, stjórn á eigin lífi og vellíðan þá hefur jákvæður munur á milli Flataskóla og landsins aukist nokkuð.

## Skóla og bekkjarandi

Matsþáttur	Munur	Skólinn	Landið
Samsömun við nemendahópinn	(+0,7)	5,7	5,0
Samband nemenda við kennara	(+1,0)*	6,0	5,0
Agi í tímum	(+0,4)	5,4	5,0
Virk þátttaka nemenda í tímum	(+1,1)*	6,2	5,1
Mikilvægi heimavinnu í náminu	(+1,0)*	5,7	4,7

Í þessum þætti eru niðurstöður svipaðar og í hinum fyrri. Nemendur Flataskóla eru töluvert fyrir ofan í öllum þáttum og er hækkun í þeim öllum á milli ára.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## 4.2.3. Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fór fram í mars og mældi 22 almenna þætti. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista. Svarhlutfall var rúmlega 80%. Mikilvægt er að geta þess að könnunin fór fram á viðkvæmum tíma þegar COVID hafði mikil áhrif á skólahald og starfsmenn. Nokkur breyting var gerð á könnuninni á milli ára.

### Almennt – allir starfsmenn

Matsþáttur	Munur	Skólinn	Landið
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	<b>(-1,3%)</b>	75,0%	77,8%
Gagnsemi starfsmannaviðtals	<b>(+5,8%)</b>	93,9%	88,1%
Mismunun meðal starfsfólks	<b>(-0,1%)</b>	4,7%	4,1%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks	<b>(-4,9%)</b>	5,9%	10,8%

Í þessum matsþætti kemur fram að starfsmenn virðast ánægðir með gagnsemi starfsmannaviðtala sem nemur 5,8%. Athygli vekur að einhver hópur telur sig ekki hafa farið í starfsmannasamtal. Ástæðan er sú að ekki hafið verið lokið við starfsmannasamtöl þegar breytingar voru gerðar á skólahaldi vegna COVID. Allir starfsmenn fengu tilboð um starfsmannasamtal á vorönn 2020. Tíðni eineltis er tæpum 5% minna en landsmeðaltal og mismunun meðal starfsmanna örlítið minni.

### Viðhorf til skólans – allir starfsmenn

Matsþáttur	Munur	Skólinn	Landið
Starfsandi innan skólans	<b>(-0,4)*</b>	4,9	5,3

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

Stuðningur frá næsta yfirmanni	(-0,3)*	5,0	5,3
Sanngjörn forysta	(0%)	5,0	5,0

Starfsandi innan skólans er samkvæmt könnuninni -0,4 % undir landsmeðaltali. Það kemur á óvart þar sem starfsmenn nefna það oftast að starfsandi sé góður þegar skoðaðar eru opnar spurningar. Stuðningur frá næsta yfirmanni er örlítið undir landsmeðaltali.

## Kennarastarf - kennarar

Matsþáttur	Munur	Skólinn	Landið
Ánægja með kennarastarfið	(-0,1)	5,3	5,4
Trú kennara skólans á eigin getu	(+0,1)*	5,9	4,9

Þegar skoðuð eru viðhorf kennara til starfsins og eigin getu þá er ánægja kennara Flataskóla örlítið minni en trú á eigin getu aðeins meiri.

## Starfsumhverfi kennara - kennarar

Matsþáttur	Munur	Skólinn	Landið
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	(-0,3)*	5,0	5,3
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	(+0,1)*	5,5	5,4
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	(-0,7%)*	4,3	5,0

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

Samvinna um kennslu	(-0,5%)	5,2	5,6
Samráð um kennslu	(+0,5%)*	5,5	5,0

Samkvæmt þessum niðurstöðum þá virðast kennarar í Flataskóla upplifa svipaðan stuðning og landsmeðaltal bæði hvað varðar nemendur með náms- og hegðunarfrávik. Faglegur stuðningur skólastjóra er umtalsvert minni samkvæmt upplifun starfsmanna en almennt er samkvæmt landsmeðaltali. Árið var sérstakt í Flataskóla þar sem skólastjóri var ekki við störf fram að áramótum og vorönnin eins og áður hefur komið fram lituð af COVID ástandi.

Samvinna og samráð um kennslu er svipuð og landsmeðaltal.

Varðandi opnar spurningar þá er starfsmönnum tíðrætt um góðan starfsanda og mikinn mannauð. Hvað varðar neikvæða þætti þá er helst að bent á að það þurfi að efla stuðning við nemendur með sérþarfir. Svo voru einstaka athugasemdir sem ekki verða tíundaðar hér.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

Samræmd könnunarpróf í 4. bekk fóru fram dagana 26.-27. september og í 7. bekk dagana 19. og 20. september. Prófin fóru fram á rafrænu formi þriðja árið í röð. Í töflunni hér að neðan má skoða niðurstöður Flataskóla 2017-2019 miðað við normaldreifðar einkunnir, ásamt samanburði við Reykjavík og landið árið 2019.

	Normaldreifðar einkunnir kvarðanum 0-60				
	Flataskóli 2017	Flataskóli 2018	Flataskóli 2019	Landið	Reykjavík
4.bekkur Íslenska	30,64	28,38	30,9	30,0	30,8
4.bekkur stærðfræði	27,55	29,61	30,1	30,0	30,2
7.bekkur Íslenska	32,63	29,53	31,4	30,0	30,5
7.bekkur stærðfræði	34,13	32,44	29,43	30,0	30,6

Tafla 1 - Normaldreifðar einkunnir


## 4. BEKKUR

Í haust voru 70 nemendur í 4. bekk, 68 þreyttu samræmd próf í íslensku og 69 í stærðfræði. Átta nemendur fengu lestrarstuðning í báðum fögum og viðbótartíma.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## ÍSLENSKA

Myndin hér að neðan sýnir árangur Flataskóla í íslensku í 4. bekk frá 2017-2019. Einnig sést hvernig skólinn stendur miðað við Landið og Reykjavík. Eins og sést þá kemur Flataskóli betur út en bæði Reykjavík og Landið árið 2019 þó að munurinn sé lítill. Á árunum 2017-2019 er ekki mikill munur en árið í ár, 2019 er samt með bestu niðurstöðuna.



Mynd 1 - Samanburður á niðurstöðum Flataskóla 2017-2019, Reykjavíkur og landsins 2019

Tafla 2. Meðaltal normaldreifðra einkunnna og námsþáttaeinkunnna í íslensku í 4. bekk


	Normaldreifð einkunn Flataskóla 2018	Normaldreifð einkunn Flataskóla 2019	Landið 2019
Heildareinkunn	28,38	30,86	30,02
Lesskilningur	28,84	31,05	29,97
Málnotkun	28,09	29,92	29,92

### Fjöldi nemenda 68 af 70

Á mynd 2 má sjá samanburð námsþátta í íslensku 2018 og 2019. Eins og sést þá er hækkun á milli ára í öllum námsþáttum í 4. bekk. Lesskilningur hefur aukist en Flataskóli hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á lesskilning. Munur á heildareinkunn í íslensku hefur hækkað um 2,48 milli ára.




# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020



Mynd 2 - Samanburður námsþátta í 4. bekk íslensku 2018-2019

Á myndinni hér að neðan (mynd 3) má sjá normaldreifingu einkunna í íslensku eftir kyni. Eins og sést þá eru stelpur með almennt hærra einkunn en strákar og mun fleiri strákar eru í lággildi miðað við stelpur.




Mynd 3 - Normaldreifing einkunna eftir kyni

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## STÆRÐFRÆÐI

Myndin hér að neðan (mynd 4) sýnir árangur Flataskóla í stærðfræði í 4. bekk frá 2017-2019. Einnig sést hvernig skólinn stendur miðað við Landið og Reykjavík. Eins og sést þá hækkaði einkunn í 4. bekk örlítið en er samt á pari við bæði Reykjavík og Landið. Augljóst er að það vantar að leggja meiri áherslu á rúmfræði og tölur og talnaskilning.



Mynd 4 - Samanburður á niðurstöðum Flataskóla 2017-2019, Reykjavíkur og landsins 2019


Tafla 3. Meðaltal normaldreifðra einkunna og námsþáttaeinkunna í stærðfræði í 4. bekk

	Normaldreifð einkunn Flataskóla 2018	Normaldreifð einkunn Flataskóla 2019	Landið
<b>Heildareinkunn</b>	<b>29,61</b>	<b>30,16</b>	<b>30,02</b>
Reikningur og aðgerðir	29,44	30,92	30,17
Rúmfræði	29,81	29,34	30
Tölur og talnaskilningur	29,92	29,36	29,93

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

Fjöldi nemenda 69 af 70


Myndin hér fyrir neðan sýnir samanburð námsþátta í stærðfræði á milli ára. Eins og sést þá eru nemendur almennt með svipaðar einkunnir í ár og í fyrra en þó er hækkun í ár á heildareinkunn í stærðfræði og reikningur og aðgerðir.



Mynd 5 - Samanburður námsþátta í stærðfræði 2018-2019

Á myndinni hér að neðan má sjá normaldreifingu einkunna í stærðfræði eftir kyni. Eins og sést þá eru stelpur með hærri einkunn í rúmfraeði og reikningur og aðgerðir en strákar í tölur og talnaskilning. Munur á kynjum í heildareinkunn er 1,49, þar sem stelpur eru hærri.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020



Mynd 6 - Normaldreifing einkunna í stærðfræði eftir kyni

## 7. BEKKUR


Í haust voru 70 nemendur í 7. bekk, 67 þreyttu samræmd próf í íslensku og 68 í stærðfræði.

11 nemendur fengu lestrarstuðning í íslensku og stærðfræði í 7. bekk og viðbótartíma.

### ÍSLENSKA

Myndin hér að neðan sýnir árangur Flataskóla í íslensku í 7. bekk frá 2017-2019. Þar sést líka hvernig skólinn stendur miðað við landið og Reykjavík. Eins og sést þá kemur Flataskóli mjög vel út í samanburðinum árið 2019 og hækkar í einkunn frá því í fyrra. Flataskóli er hærri bæði þegar miðað er við Reykjavík og landið.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020



Mynd 7 - Samanburður á niðurstöðum Flataskóla 2018-2019, Reykjavíkur og landsins 2019


Tafla 4. Meðaltal normaldreifðra einkunna (Sg) og námsþáttaeinkunna í íslensku í 7. bekk

	Normaldreifð einkunn Flataskóla 2018	Normaldreifð einkunn Flataskóla 2019	Landið
<b>Heildareinkunn</b>	<b>29,53</b>	<b>31,39</b>	<b>30,03</b>
Lesskilningur	29,33	31,57	30,08
Málnotkun	30,03	30,58	29,88

Fjöldi nemenda 67 af 70

Á mynd 8 má sjá normaldreifingu námsþátta í íslensku í einstökum námsþáttum. Eins og sést þá er Flataskóli að standa sig almennt betur þetta árið heldur en í fyrra.


# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020



Mynd 8 - Samanburður námsþátta í íslensku milli ára

Næsta mynd (mynd 9) sýnir normaldreifingu einkunna eftir kyni. Eins og sést eru stelpur með hærri einkunn miðað við í stráka í öllum flokkum. Munur á milli stráka og stelpna í heildareinkunn er 3,09, þar sem stelpur eru hærri.


# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020



Mynd 9 - Normaldreifing einkunna í íslensku eftir kyni

Á næstu töflu má sjá samanburð á niðurstöðum í 7. bekk og hvernig nemendur stóðu sig 3 árum áður eða í 4. bekk. Niðurstöðurnar eru svipaðar en þó er málnotkun töluvert lægri í 7. bekk. Í 4. bekk voru 40 sem þreyttu samræmt próf í skólanum og því hefur fjölgað í hópnum um 29 nemanda. Þar sem fjölgunin var mikil í árgangnum getur verið að taflan hér fyrir neðan sýni ekki nákvæmlega hvort og hvar um framfarir sé að ræða.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020




Mynd 10 - Framfarir í íslensku frá því í 4. bekk

## STÆRÐFRÆÐI

Myndin hér að neðan sýnir árangur Flataskóla í stærðfræði í 7. bekk frá 2017-2019. Einnig sést hvernig skólinn stendur miðað við landið og Reykjavík. Það er töluverð lækkun milli ára í stærðfræði frá árinu 2017. Við erum núna undir meðaltali miðað við Reykjavík og landið.



# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020



Mynd- 11-Stærðfræði 7. bekkur


**Tafla 5.** Meðaltal normaldreifðra einkunna og námsþáttaeinkunna í stærðfræði í 7. bekk

	Normaldreifð einkunn Flataskóla 2018	Normaldreifð einkunn Flataskóla 2019	Landið
<b>Heildareinkunn</b>	<b>32,44</b>	<b>29,43</b>	<b>29,96</b>
Reikningur og aðgerðir	32,64	29,34	30,07
Rúmfræði	31,67	28,81	30,12
Tölur og talnaskilningur	31,68	30,54	29,95

**Fjöldi nemenda 68 af 70**


Þessar tölur sýna glögg að árangur nemenda í Flataskóla er lægri en árinu áður í öllum námsþáttum.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020



Mynd 12 - Samanburður námsþátta í stærðfræði milli ára


Ef skoðuð er normaldreifing einkunna í stærðfræði eftir kyni kemur í ljós að strákar eru almennt með hærri einkunn en stelpur. Þetta er öfugt við niðurstöður frá árinu 2018.



Mynd 13 – Normaldreifing einkunna í stærðfræði eftir kyni

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

Á næstu mynd (mynd 14) má sjá samanburð á niðurstöðum 7. bekkjarins og hvernig hann stóð sig 3 árum áður eða í 4. bekk. Miðað við þessar niðurstöður þá hefur nemendum farið fram í námsþættinum tölur og talnaskilningur en þeim hefur farið aftur í bæði rúmfræði og reikningi og aðgerðum. Það er hins vegar ekki alveg að marka þennan samanburð frekar en samanburðinn í íslenskunni sem talað var um hér á undan vegna þeirrar fjölgunar nemenda sem hefur orðið í skólanum frá því nemendur voru í 4. bekk.



Mynd 14- Framfarir í stærðfræði á milli ára

## Unnið að úrbótum

Deildarstjóri sérkennslu og deildarstjórar stiga ásamt umsjónarkennurum og sérkennurum fóru yfir niðurstöður prófanna. Nemendum var raðað upp eftir getu í ýmsum námsþáttum og ferlið kortlagt. Út frá þeirri kortlagningu var lögð áhersla á að sérstaka aðstoð við þá nemendur sem náðu ekki lægstu viðmiðum. Þeir sem lægstir voru fóru á námskeið sérkennara og þeir allra slökustu fengu viðbótartíma hjá sérkennara. Allir námsþættir eru skoðaðir og metið hvaða þætti megi enn styrkja og leiðir ræddar að því marki. Drengjum virðist ganga betur í stærðfræði en stúlkum í íslensku.

Í Flataskóla er stuðst við snemmtæka íhlutun í námi nemenda í yngri árgöngum og reynt er að hafa námshópa fámenna. Stefnt er að því hafa námsefnið aðlagð og einstaklingsmiðað. Hluti nemenda hefur þegar fengið sérkennslu og munu þeir sem þurfa halda því áfram.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

Niðurstöður prófanna eru notaðar við skipulagningu á áframhaldandi námi þar sem reynt verður að komast til móts við þarfir nemenda.

Stefna Flataskóla er að allir nemendur fái námsefni við hæfi, bæði þeir sem eiga við námserfiðleika að etja og þeir sem eru bráðgerir.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## 4.3 STARFSMANNASAMTÖL

Nær allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtöl til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra og umsjónarmanns fasteigna. Starfsmönnum var skipt á milli stjórnenda eftir stigum og verksviðum. Send voru rafræn eyðublöð sem starfsmenn svöruðu áður en þeir komu í viðtalið. Svör starfsmanna voru svo notuð sem grunnur í viðtölum. Viðtölin gengu vel og stjórnendur skólans unnu sameiginlega úr niðurstöðum.

Starfsmannasamtöl dreifðust nokkuð að þessu sinni vegna COVID. Einhver hópur starfsmanna fór ekki í viðtal fyrr en langt var liðið á vorið vegna þess og langtíma veikinda deildarstjóra.

Helstu niðurstöður eru þær að starfsmenn eru samkvæmt samtölum býsna ánægðir í starfi sínu í Flataskóla. Einhverjar athugasemdir komu fram varðandi aðbúnað og var reynt að bregðast við þeim með aðgerðum. Mat þeirra sem tóku viðtölun var að líðan starfsmanna virðist vera góð. Vitað er um samskiptavanda á milli tveggja starfsmanna og tóku skólastjór og aðstoðarskólastjóri viðtöl við þá aðila. Sáttir náðust á milli þeirra að sögn beggja aðila.

### Fræðsla og starfsþróun

Starfsmenn lýstu almennt yfir ánægju með þá fræðslu sem boðið hefur verið upp á. Fjölmargar hugmyndir komu upp varðandi frekari starfsþróun.

### Verkferlar og vinnubrögð

Fáir starfsmenn gerðu athugasemdir við verkferla og vinnubrögð. Helst var þó nefnt að skýra þyrfti ferli agamála betur og viðbrögð við alvarlegum agabrotum lægi ekki allta nægilega vel skýrt fyrir. Stjórnendur skólans taka þessar athugasemdir og reyna að bæta úr.

## 4.4 LESTRARSKIMANIR

Lesskimun fyrir 1. bekk frá MMS var lögð fyrir alla nemendur í 1. bekk af umsjónarkennurum og sérkennara í október. Niðurstöður voru nýttar við skipulag kennslu og sérkennslu.

Nemendur í 3. og 6. bekk, sem eru undir lágmarksviðmiðum Menntamálastofnunar eru skimaðir með lestrargreingarprófinu LOGOS af sérkennurum skólans. Markmiðið var að finna nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur og lesskilning. Foreldrar og kennarar nemenda eru upplýstir um niðurstöður og íhlutun sett af stað hjá þeim nemendum sem eru í vanda. Þeir nemendur eru endurmetnir í apríl.

### 4.4.1 Orðarún


Lesskilningsprófið Orðarún frá Menntamálastofnun var lagt fyrir nemendur í 3.-7. bekk að hausti og að vori. Prófið er staðlað og fylgja hverju prófi viðmið um frammistöðu. Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir nemendur í kennslustund. Niðurstöður voru hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu og sérkennslu. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn. Foreldrar eru upplýstir um niðurstöður.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## 4.4.2 Lesferill

Í Flataskóla eru Lesferilsprófin frá MMS notuð við mat á lesfimi nemenda í öllum árgöngum ásamt lestrarviðmiðum sem þeim fylgja. Prófin eru stöðluð og er sami texti lagður fyrir nemendur þrisvar á ári: í september, janúar og maí. Niðurstöður er skráðar í gagnagrunn Menntamálastofnunar og birtast sem lesin orð á mínútu. Hver nemandi fær yfirlit yfir stöðu sína í lestri út frá settum viðmiðum. Í Flataskóla er stefnt að því að því að sem flestir nemendur nái 50% viðmiðum í lesfimi að vori.

Á meðfylgjandi mynd má sjá meðaltal lesinna orða á mínútu í maí 2020 ásamt viðmiðum eftir árgöngum í Flataskóla og fyrir landið allt. Viðmið 1: Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu. Viðmið 2: Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiðinu að vori. Viðmið 3: stefnt er að því að 25% nemenda nái viðmiðinu að vori.



## 4.5 FRAMKVÆMDAMAT

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem betur má fara:
Skólasetning	Stjórnendur	Gekk vel.
Ferð í Guðmundarlund	Stjórnendur	Gekk vel.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

<b>Haustfundir foreldra</b>	Stjórnendur og kennarar	Fundirnir ekki nógu markvissir. Ekki nægilega margir mættir. Þarfnast endurskoðunar.
<b>Jólaskemmtun</b>	Stjórnendur og kennarar	Aftur farið með skipulag jólaskemmtunar til fyrra horfs. Allt gekk mjög vel.
<b>Skíðaferð</b>	Stjórnendur og kennarar	Gekk vel – skipulagið gekk vel upp. Muna að panta snemma tíma í fjöllin.
<b>Öskudagur</b>		Gekk vel.
<b>Flatóvision/schoolovision</b>	Umsjónarkennarar	Féll niður vegna COVID
<b>Nýsköpunarvika</b>	Deildarstjórar	Fór ekki fram
<b>Unicefhlaupið</b>	Stjórnendur	Gekk vel.
<b>Flataskólaleikar</b>	Kennarar	Ljómandi gott en mat var að bæta mætti inn nýjum stöðvum og hugsa þetta aðeins upp á nýtt.
<b>Vordagar</b>	Umsjónarkennarar	Gengu mjög vel. Vegna COVID þá var gerð nokkur breyting og minna uppbrot í skólastarfi en áður. Almenn ánægja með það
<b>Árshátíð</b>	Umsjónarkennarar í 7.bekk	Gekk vel – gerð breyting vegna COVID og lágmarksfjöldi starfsmanna var á hátíðinni
<b>Skólaslit</b>	Stjórnendur	Gekk vel en aðeins nemendum var boðið á sal án foreldra.
<b>Útskrift hjá 7. Bekk</b>	Deildarstjóri eldra stigs	Gekk vel. Breytt útskrift og hópnum skipt í tvennt til að gæta að hámarksfjölda fullorðinna í salnum.
<b>Brúum bilið</b>	Deildarstjóri yngra stigs og aðstoðarleikskólastjóri	Gekk almennt vel.
<b>Flutningur nemenda í 7. bekk yfir í aðra skóla</b>	Deildarstjórar	Gekk almennt vel.

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2019-2020

## 4.6 FJÁRMÁL

Þessi hluti skýrslunnar fjallar um fjárhag og rekstur skólans. Skólinn fær úthlutað fjármagni til rekstrarins einu sinni á ári og byggir sú úthlutun á áætluðum nemendafjölda og áætluðum fjölda nemenda sem hafa þörf fyrir viðbótarstuðning. Stjórnendur skólans skipta niður úthlutuðu fjármagni með gerð fjárhagsáætlunar. Þegar fjárhagsáætlun er gerð liggur ekki fyrir nemendafjölda næsta árs og er því erfitt að gera nákvæma áætlun. Ef fjöldi nemenda verður umtalsvert meiri en reiknað hefur verið með hefur fjármálasvið bæjarins sett inn viðauka með auknu fjármagni á miðju skólaári. Hið sama hefur verið gert ef breytingar verða á kjarasamningum.

Viðmið skólans varðandi fjármagn er að reka skólann innan þeirra fjárheimilda sem úthlutað er svo fremi sem forsendur standist.

Vegna COVID ástandsins þá hefur heildarniðurstaða fjárhagsáætlunar ársins 2019 ekki verið send skólunum. Samkvæmt upplýsingum þá var rekstur skólans innan þeirra fjárheimilda sem lagt var upp með.

## 4.7 LOKAORÐ

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem unnið er að stöðugt allt skólaárið.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir nokkrum þáttum í skólastarfinu, mati á þeim og kynnt viðmið nokkurra þátta.

Matinu er ætlað að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að efla og bæta starfið. Einnig er markmið að nýta matið á komandi skólaári.

Á grundvelli þessa sjálfsmats verður unnin umbótaáætlun með tilkomu starfsmanna skólans og annarra hagsmunaaðila, s.s. foreldra og nemenda.